

Tillaga
Afgreiðsla

A 1930/UKK
Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Þingmannatillaga um samnorrænt átak í tengslum við pílgrímsleiðir (A 1930/UKK)

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að

- stuðla að eflingu samstarfs um norrænar pílgrímsleiðir og skapa grundvöll fyrir samnorrænt átak í tengslum við pílgrímsleiðir, helst í samstarfi við þá aðila sem þegar starfa á þessu sviði.

Bakgrunnsupplýsingar

Saga Norðurlandanna einkennist af kristnum menningararfi. Ýmsar pílgrímsleiðir liggja vítt og breitt um Norðurlöndin og þær hafa tengt Norðurlöndin böndum í fleiri árhundruð, einnig í dag, þvert á landamæri. Margir liggja þessar sögulegu leiðir að fornum helgistöðum. Pílgrímsgöngur nútímans eru fjölbreyttar og koma fólki í tengsl við náttúru, menningu og sögu ólíkra landa.

Pílgrímsleiðirnar liggja um sögulegar slóðir og vekja athygli á menningararfi og menningarsögu, en stuðla einnig að lista- og menningarsköpun. Ferðamannþjónustan sem fylgir pílgrímsleiðunum er einnið stoð fyrir atvinnulíf svæðanna. Þá eru pílgrímsleiðir sjálfbær menningartengd ferðaðþjónusta sem samræmist vel framtíðarsýninni um Norðurlönd sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims.

Í heimsfaraldrinum upplifðum við á Norðurlöndum lokuð landamæri og félagslega einangrun. Þess vegna telur nefndin að átak um samstarfi í tengslum við pílgrímsleiðir vítt og breytt um Norðurlönd gæti þjappað löndunum saman á ný.

Það eru mikil tækifæri fólgin í þróun menningartengdrar ferðaðþjónustu og menningarþróunar í tengslum við pílgrímsleiðir á Norðurlöndum og norrænt samstarfsnet um samnorrænan menningararf gæti haft mikinn ávinning í för með sér. Sérstaklega mætti í auknum mæli beina sjónum að börnum og ungmennum, til dæmis með skiptiáætlun. Þar liggur stórt ónýtt tækifæri sem verður aðeins mikilvægara í ljósi aðstæðna í Evrópu. Átak sem þetta gæti einnig efti fræðasamstarf landanna á þeim sviðum sem snerta pílgrímsferðir, svo sem sagnfræði, menningartengdri ferðamennsku, byggðaðróunar, lýðheilsu, útivist, trúarbragðafræði o.s.frv.



Áhugi fyrir pílgrímsferðum ver vaxandi um alla Evrópu. Pílgrímsleiðin Jakobsvegurinn, þar sem Santiago de Compostela er áfangastaðurinn, er sú allra visælasta og árið 2022 voru 438.000 pílgrímar skráðir í hana¹ (miðað við 74.000 árið 2003 og nokkur þúsund árið 1983). Áætlað er að önnur vinsæl pílgrímsleið, Via Francigena (frá Kantaraborg til Rómar), hafi tekið við 50.000 pílgrímum árið 2022². Bæði Jakobsvegurinn og Via Francigena hafa stöðu sem evrópskar menningarleiðir hjá Evrópuráðinu.

Langar gönguferðir njóta aukinna vinsælda og UNWTO lýsir gönguleiðatúrisma sem „one of the most popular ways to experience a destination“. Þessi ferðamennska fer vaxandi en þróunin hefur ekki komið af sjálfu sér. Þessi mikli fjöldi göngufólks og hinir nauðsynlegu meðfylgjandi innviðir á evrópskum pílgrímsleiðum, og þá sérstaklega Jakobsvegurinn, eru afleiðing langvarandi markvissrar fjárfestingar með umtalsverðri opinberri fjármögnun. Dæmi: Aðeins á árunum 2020 og 2021 var 16,5 milljörðum íslenskra króna úthlutað til Jakobsvegarins úr uppbyggingarsjóði ESB eftir kórónuveirufaraldurinn. Auk þess hefur vel heppnað samstarf mismunandi aðila og geira verið lykilþáttur í velgengninni.

Árið 2010 fengu norrænar pílgrímsleiðir að Niðarósdómkirkjunni/Prándheimi einnig viðurkenningu sem evrópskar menningarleiðir undir sameiginlega heitinu „St Olav Ways“. Menningarleiðin liggur um Noreg, Svíþjóð, Danmörku og Finnland. Eftir að vinnan á árunum 2017/2018 hafði verið metin var félaginu „Association for the Cultural Route of St Olav Ways“ (ACSOW) falið að hafa umsjón með framhaldi verkefnisins, en það skipa 30 fulltrúar frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Þetta eru fulltrúar fylkja, sveitarfélaga, biskupsdæma, safna, pílgrímsmiðstöðva og pílgrímssamtaka og áform eru um að í framtíðinni skipi það einnig fulltrúar atvinnulífs, háskóla o.fl. ACSOW er í dag stærsti þverbjóðlegi aðilinn á sviði pílgrímsleiða á Norðurlöndum og bæði Ísland og Færeyjar hafa sýnt áhuga á aðild. Auk þess hefur verið rætt við áhugasama aðila bæði á landamærum Norðurlanda í austri (Eistland) og vestri (Bretland).

Utan ACSOW sem samræmingaraðila hluta þessa starfs einkennist vinna að pílgrímsleiðum á Norðurlöndum af því að löndin hafa skipulagt þær með misunandi hætti (vinnan getur verið á borði ríkisins, sveitarfélaga, kirkja, sjálfstæðra aðila, verið í sjálfboðavinnu o.s.frv.). Stöðug aukning hefur sést á göngum um pílgrímsleiðir en fjárfestingar hafa verið sundurleitar. Mismunandi skipulag hefur hingað til gert ólíkum aðilum milli landanna erfitt fyrir að vinna saman. Norðurlöndin búa yfir samkeppnisforskoti sem áfangastaður pílgríma í ljósi loftlags, náttúru og almannaréttar, en til að koma á langvarandi samstarfi um pílgrímsleiðir þvert á landamæri þarf langtímaaðkomu bæði innan hvers og eins ríkis og milli ríkjanna.

Göngur á söguslóðum til gamalla helgistaða, bæði sögulega og nýrra, eru þær hápunktur pílgrímsfara, og eru í raun ekki bundnar landamærum. Grunnurinn er samnorrænn menningararfur og sameiginleg saga ferða og menningarþróunar, og

¹ [Statistics | Pilgrim's welcome office \(oficinadelperegrino.com\)](https://www.pilgrimswelcome.com/en/statistics)

² [The Via Francigena 2022 in numbers - Via Francigena \(viefrancigene.org\)](https://www.viefrancigene.org/en/the-via-francigena-2022-in-numbers)



hefur dýrkun Ólafs helga e.t.v. mest vægi í alþjóðlegu samhengi. Í dag snúast snúast pílgrímsferðir einnig um atvinnu- og byggðapróun, sjálfbæra og græna ferðapjónustu, lýðheilsu og tækifæri til að slaka á og finna fyrir innri ró.

Pílgrímsleiðir tengjast einnig orðum á borð við menningararf, frið, lýðheilsu og sjálfbærni. Þessi þemu samræmast að fullu áherslum í norrænu samstarfi, þar sem framtíðarsýnin er að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Og hvað er samþættara og sjálfbærara en að tengja okkar norrænu lönd þéttari böndum – fótgangandi! Árið 2030 er einnig ár ýmissa annarra mikilvægra atburða og markmiða, svo sem loftslagsmarkmiða ESB, þúsund ára frá dauða Ólafs helga, loftlagsáætlunar sænsku kirkjunnar og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Hvernig getur norrænt átak um pílgrímsleiðir litið út?

Á miðöldum voru ýmsar pílgrímsleiðir á Norðurlöndum sem höfðu vægi í Evrópu, leiðir sem enn í dag eru gengnar, þ. á m. Ólafsleiðirnar til Þrándheims og Birgittuleiðirnar til Vadstena. Það eru mikil tækifæri fólgin í því að efla tengslin milli Þrándheims, Vadstena og Turku, sem og tengslin suður að Jakobsvegum frá Danmörku og Þýskalandi. Það er leið til að binda lönd okkar saman bæði á jörðu en einnig hugmyndafræðilega, sem skapar samstarf, aukinn tungumálaskilning o.s.frv. Það skapar einstök tækifæri að vekja athygli á þeim leiðum sem fólk víða úr Evrópu gekk áður og byrjar nú aftur að ganga.

Tillaga um beinar aðgerðir:

- Gera nákvæma úttekt á stöðu núverandi pílgrímsleiða milli Turku, Vadstena og Þrándheims, sem og suður frá Noregi og Svíþjóð í gegnum Danmörku að Þýskalandi. Þetta mun gefa yfirlit yfir þær leiðir sem eru til og hvað er að finna meðfram þeim. Þetta skapar grundföll fyrir frekari gæðapróun leiða og forgangsroðun þeirra leiða og innviða sem þarf að þróa. Með því að gera þetta í einu samengi skapast mikil tækifæri fyrir samtarf og samræmt þróunarstarf.

Að vekja athygli á sögu pílgrímsleiða á Norðurlöndum, með áherslu á Ólaf og Birgittu sem persónur sem hafa mikla þýðingu á Norðurlöndum en einnig í evrópsku samhengi.

Tillaga um beinar aðgerðir:

- Lýsa eftir verkefni þar sem þekkingu er safnað og samdir eru textar („storytelling“) sem bæði skýra söguna en setja hana einnig í samhengi við nútímann. Afrakstrinum skal miðlað á sameiginlegu vefsvæði eða á annan hátt. Staðbundnir aðilar verða að geta notað afraksturinn í móttöku og markaðssetningu sinni.

Þróa sameiginlega upplýsingagjöf/markaðssetningu á helstu leiðum með sérstakri áherslu á sjálfbæra ferðapjónustu/lýðheilsu og byggðapróun (skýra frá reynslu af Jakobsveginum og e.t.v. annars staðar frá).



Pílagrímsferðir hafa lítil áhrif á loftslagið (eru „low impact“) og ekki síður ef hvatt er til grænna ferða. Norrænn náttúra og menningararfur miðalda og nútímans með rætur í evrópskum hefðum gæti verið mjög öflug samsetning. Við getum sýnt eitthvað einstakt og óvænt.

Tillaga um beinar aðgerðir:

- Þróa sameiginlega samskiptaáætlun, þ. á m. vefsvæði og útlitshönnun.

Styðja þróun norræns fræðumhverfis um pílagrímsferðir. Margt hefur verið gert í tengslum við leiðir m.a. á Spáni og Ítalíu, en tiltölulega lítið á Norðurlöndum. Styrkja mætti nýstofnaða vísindanefnd á vegum ACSOW og gefa henni úrræði fyrir samstarf, rannsóknir og ráðstefnur.

Skapa reglulega norræna ráðstefnu fyrir mismunandi aðila á vettvangi pílagrímsleiða, til að efla tengslanet, samstarf, miðlun á bestu venjum o.s.frv. Einnig mætti styðja við ráðstefnuna með veffundum og einhvers konar vettvangi fyrir reglulegri upplýsingaskipti.

Tillaga um beinar aðgerðir:

- Árleg ráðstefna
- Fjórar árlegar vefráðstefnur til að efla tengslanetið, skiptast á þekkingu og miðla bestu venjum.
- Þróun sameiginlegs vettvangs á netinu eða á öðru formi.

Eðlilegast er að þessari vinnu verði stýrt af pílagrímsmiðstöðinni í Vadstena í Svíþjóð, pílagrímsmiðstöðinni í Turku í Finnlandi og pílagrímsmiðstöð Noregs. Verkefnisstjórnun verður að vera í samstarfi við ACSOW, sem er eina norræna pílagrímsstofnunin og sem auk þess hefur umsjón með vottun Evrópuráðsins á „St Olav Ways“ sem evrópski menningarleið.

Tillaga um beinar aðgerðir:

- Verkefnastjórnun og umsýsla

Sjónarmið nefndarinnar

Þekkingar- og menningarnefndin lýsir sig fylgjandi tillögu flokkahóps jafnaðarmanna um samnorrænt átak um pílagrímsferðir. Ýmsar mismunandi ástæður eru til þess að auka norrænt samstarf um pílagrímsleiðir, sérstaklega þar sem margar þeirra liggja þvert á landamæri. Svæðisbundið samstarf yfir landamæri getur boðið upp á fjármögnun frá ESB í gegnum Interreg og samnorræn verkefni um pílagrímsleiðir gerir okkur kleift að skiptast á reynslu og læra hvert af öðru, sem hefur norrænt notagildi.



Sameiginlegar áskoranir eru meðal annars söfnun tölfraði, alþjóðleg markaðssetning og í sumum tilfellum miðlun. Ólafur helgi og Birgitta eru þær persónur sem hafa mest vægi í pílgrímsferðum yfir norræn landamæri.

Pílgrímsferðir á Norðurlöndum stuðla að þróun okkar sameiginlega menningararfs og kirkjusögu okkar. Með mismunandi aðgerðum á pílgrímsmiðstöðum og annarra staðbundinna aðila stuðlum við að því að börn og ungmenni fræðist um bæðisögu okkar og hvernig við getum umgengist náttúruna á sjálfbæran hátt. Auknar vinsældir pílgrímsgönguleiða stuðla að þróun atvinnulífs og ferðaþjónustu meðfram leiðunum og bæta auk þess lýðheilsu þar sem fólk hreyfir sig meira, en einnig þar sem þær stuðla að íhugun og ró.

Fjárfesting í pílgrímsleiðum á Norðurlöndum bætir því forsendur þess að markmiðið um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi náist og samræmist auk þess þremur áherslusviðum sem eru í forgangi: Græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Því er ávinningur fólgin í því að fjárfesting í pílgrímsleiðum á Norðurlöndum verði innleidd sem þverfaglegt verkefni með þátttöku og fjármögnun mismunandi ráðherranefnda, svo sem MR-NER, MR-K, MR-MK og MR-S.

Maríuhöfn, hinn 27. júní 2023

Camilla Gunell (ÅSD)
Lars Mejern Larsson (S)
Catarina Deremar (C)
Kathrine Kleveland (Sp)
Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)

Brigitte Klinskov Jerkel (KF)
Freddy André Øvstegård (SV)
Victoria Tiblom (SD)
Helge André Njåstad (FrP)